

Viðmið fyrir Norsk-íslenskt menningarsamstarf

Hvert er markmið áætlunarinnar?

Markmið áætlunarinnar er að stuðla að fjölbreyttu menningarsamstarfi milli Noregs og Íslands.

Hvaða verkefni geta fengið styrk?

Sækja má um styrki til menningarsamstarfs milli norskra og íslenskra listamanna, einstaklinga í menningargeiranum, menningarstofnana og samtaka. Viðfangsefnin skulu vera samstarfsverkefni og hafa þátttakendur frá báðum löndum, og starfsemi verkefna skal fara fram í báðum löndum.

Hámarkslengd styrkveitingar er þrjú ár. Ef sótt er um styrk fyrir sama verkefni að þremur árum liðnum verður að koma skýrt fram í umsókninni hvernig verkefnið hefur verið þróað áfram.

Hvaða verkefni geta ekki fengið styrk?

Í þessari áætlun eru ekki veittir styrkir til:

- rekstrarstuðnings
- verkefna þar sem einnig eru þátttakendur frá öðrum löndum en Noregi og Íslandi

Eftirfarandi verkefni hljóta ekki styrk ef þau eru ekki hluti af stærra samstarfi:

- tónleikaferðir og stakir tónleikar
- plötuútgáfa
- bókaútgáfa
- ferðastyrkir og þóknanir listamanna sem koma fram á viðburðum (hátíðum, tónleikum o.s.frv.)

Við veitum almennt ekki styrki til verkefna sem hafa farið fram fyrir lok umsóknarfrests.

Verkefni sem uppfylla ekki viðmið áætlunarinnar geta ekki fengið styrk. Falli umsókn ekki undir tilgang áætlunarinnar getur skrifstofa Norska menningarráðsins (Norsk Kulturdirektoratet) synjað henni.

Hver getur sótt um?

Tilgangur áætlunarinnar er að styðja við norska og íslenska listamenn, einstaklinga innan menningargeirans, menningarstofnanir og samtök.

Einnig geta einstaklingar, einka- og opinberar stofnanir, samtök og önnur fyrirtæki sótt um styrki.

Hvernig er umsóknin metin? (matsviðmið)

Umsóknir eru metnar af nefnd frá Norska menningarráðinu og mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands.

Nefndin fer yfir og ræðir allar umsóknir og nýtir sérþekkingu allra nefndarmanna þegar kemur að því að ákveða hvaða verkefni hljóta styrk. Hver umsókn er metin ein og sér en einnig í samanburði og tengslum við aðrar umsóknir í sömu umsóknarlotu.

Nefndin leitar sérstaklega að

- áþreifanlegum samstarfsverkefnum þar sem einstaklingar og/eða stofnanir í báðum löndum leggja sitt af mörkum varðandi menningarlegt innihald og/eða framkvæmd verkefnisins
- hvort verkefnið eigi snertiflöt við bæði löndin
- hvort starfsemi fari fram í báðum löndum
- hvort verkefnið stuðli að varanlegum tengslum milli aðila í löndunum tveimur
- hvort skilyrðum fyrri styrkveitingu hafi verið uppfyllt, svo sem kröfum um skýrslugerð, bókhald og framkvæmd.

Um upphæð styrkja

Við veitum ekki fulla fjármögnun verkefna. Undantekning er þó möguleg við sérstakar aðstæður.

Þegar nefndin ákvarðar upphæð styrksins metur hún fjárhags- og fjármögnunaráætlun í umsókninni í ljósi þess hversu háa upphæð hún hefur til úthlutunar. Sjá má í listum ráðsins yfir úthlutanir hvaða upphæðir nefndin hefur áður veitt í styrki.

Nefndin getur farið fram á að styrkurinn verði aðeins nýttur í ákveðna hluta verkefnisins. Innihaldi umsókn þætti sem falla ekki undir áætlunina þá lækkar styrkurinn í samræmi við það.

Margir aðilar sækja um styrk frá áætluninni, og jafnvel þótt mörg verkefni og fyrirtæki uppfylli skilyrði til styrkveitingar samkvæmt mati nefndarinnar þá getur þeim verið hafnað eða úthlutað lægri upphæð en sótt var um.

Þetta þarf umsóknin að innihalda

Umsókn skal fara gegnum gátt Norska menningarráðsins.

Umsókn skal uppfylla kröfur og viðmið sem Norska menningarráðið setur.

Umsóknareyðublaðið skal innihalda:

- verkefnalýsingu
- framvinduáætlun
- framkvæmdarstað (áhrifasvæði)
- samstarfsaðila
- fjárhagsáætlun

Hvað gerist ef þú færð styrk?

Úthlutun og viðtaka styrks

Þegar farið hefur verið yfir umsókn þína, sendir nefndin þér úthlutunarbréf gegnum umsóknargáttina, þar sem fram kemur hvort þú hefur fengið samþykki eða synjun. Hafir þú fengið styrk þá sýnir úthlutunarbréfið tegund styrksins, upphæð hans og skilyrði fyrir veitingu. Innan þess tímaramma sem tilgreindur er í bréfinu skalt þú meta skilyrðin og tilkynna okkur hvort þú samþykkir þau og þiggir styrkinn.

Styrkveitingin fellur niður ef þú tilkynnir ekki viðtöku innan þess tímaramma sem kemur fram í bréfinu. Þúfir þú lengri umhugsunartíma, skalt þú skila skriflegri umsókn þess efnis áður en fresturinn rennur út.

Útborgun styrks

Heildarupphæð styrks verður greidd þegar þú hefur tilkynnt samþykki skilyrða og viðtakan verið samþykkt af Norska menningarráðinu. Að jafnaði er fjárhæðin greidd út innan þriggja vikna frá samþykki ráðsins á viðtöku.

Styrknum kann að vera haldið eftir eða endurgreiðslu krafist

Sé styrkurinn ekki nýttur í samræmi við skilyrði í úthlutunarbréfinu, getur Norska menningarráðið haldið eftir styrknum eða krafist endurgreiðslu. Þetta á einnig við hafi rangar upplýsingar verið gefnar í umsókninni eða hafi styrkþegi ekki skilað skýrslum og bókhaldi í tengslum við fyrri styrki.

Ef verkefnið breytist

Breytist verkefnið verulega frá því sem lýst var í umsókninni þá verður þú að sækja um samþykki á breytingunum til að tryggja að þú eigir enn rétt á að nýta styrkinn. Lýst er í úthlutunarbréfinu hvernig þetta er gert.

Samþykki nefndin ekki breytingarnar getur hún haldið eftir styrknum eða krafist endurgreiðslu.

Um skýrslur og bókhald

Aðilar sem hljóta styrk frá Norska menningarráðinu verða að skila skýrslu og bókhaldi um leið og verkefninu er lokið til þess að nefndin geti sannreynt hvort styrkurinn hafi verið nýttur í samræmi við skilyrði hans. Skýrslueyðublað verður sent í gegnum stafrænu umsóknargáttina.

Skilyrði um skýrslur og bókhald ásamt fresti til að skila koma fram í úthlutunarbréfinu.

Styrktarsamningurinn kann að verða metinn

Annað slagið mun Norska menningarráðið kanna styrktarsamninga og verkefni sem hlotið hafa styrk. Ef það á við um þitt verkefni væntir ráðið þess að þú leggir fram nauðsynlegar upplýsingar og skjöl.

Notaðu merki Norska menningarráðsins

Hafi verkefnið þitt hlotið styrk frá Norska menningarráðinu, er þér gert að sýna þetta í ytri samskiptum og markaðssetningu. [Sæktu merki Norska menningarráðsins hér.](#)

Ókeypis miðar fyrir einstaklinga í fylgd með styrkþegum

Þegar miðar eru seldir í tengslum við framkvæmd verkefnisins skal styrkþegi með fylgdarskírteini fá ókeypis miða fyrir einstakling sem er í fylgd með honum.

Lagalegur grundvöllur áætlunarinnar

Norska menningarráðið hefur umsjón með áætluninni í umboði norska menningar- og jafnréttisráðuneytisins. Viðmið fyrir Norsk-íslenskt menningarsamstarf eru samþykkt af Norska menningarráðinu.

Styrktaráætlunin byggir á fjárlögum norska ríkisins fyrir hvert fjárhagsár.

Styrkurinn er veittur samkvæmt EES-samningnum sem svokölluð „minni háttar aðstoð“. Þetta þýðir að upphæðin er það lág að hún er ekki líkleg til að hafa áhrif á viðskipti eða samkeppni milli EES-ríkja og fellur því ekki undir almennt bann EES-samningsins við ríkisstyrkjum. Efri mörk minni háttar aðstoðar eru 300.000 evrur á þremur árum.